

Mánudaginn 6. júlímán.

Nr. 17/1885

Rjettvísín  
gegn  
Gísla Jónssyni.

## Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp í aukarjetti Reykjavíkur kaupstaðar 31. dag janúarmán. þ. á., var hinn ákærði, Gíslí Jónsson, dæmdur fyrir þjófnað, framinn í 2. sinn, til betrunarhússvinnu í 8 mánuði, svo og til að greiða allann af varðhaldi sínu og málinu löglega leiðandi kostnað.

Þessum dómi er að beiðni hins ákærða skotið til yfirdómsins. Það er með eigin játningu hins ákærða, Gísla Jónssonar, og öðrum skýrslum löglega sannað, að hann úr útihúsi við bæ einn í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur stal haustið 1884 vænni treyju. Fór hann að kveldi dags, eptir því sem hann hefur borið, og er ekki næg ástæða til að rengja þá skýrslu hans, inn í útihús þetta, er þá var opið, til þess að leggjast þar fyrir til svefns, og var hann síðan læstur þar inni, og notaði þá tækifærið til að taka treyjuna. Enn fremur hefur hinn ákærði játað, að hann í fyrra hafi stolið treyju og sjóvetlingum úr húsi einu hjer í bænum. Hvorttveggja þetta svo og treyja sú, sem hann stal í haust, er aptur fengið rjettum eigendum.

Þessi afbrot hins ákærða, sem kominn er langt yfir lögaldur sakamanna, og áður hefur verið tvisvar ákærður og einusinni dæmdur fyrir þjófnað, eru af undirdómaranum með rjettu heimfærð undir 232. gr. hegningarlaganna, og virðist mega ákveða hegningu

hins ákærða 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Með þessari breytingu ber því að staðfesta hinn áfrýj-  
aða dóm. Svo ber og hinum ákærða eptir málavöxtum að  
greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað,  
þar með talin málflutningslaun til sóknara og svara-  
manns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og  
sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Undirdómnum í þessu máli skal óraskað, þó  
þannig, að hegningin færist niður í 6×5 daga  
fangelsi við vatn og brauð. Svo ber hinum á-  
kærða, Gísla Jónssyni, og að greiða allan af  
áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með  
talín málflutningslaun til hins skipaða sókn-  
ara og svaramanns fyrir yfirdómi, málflutnings-  
mannanna Franz Siemens og Páls Melsteds,  
10 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 3. ágústmán.

Nr. 21/1885

Sigfús Eymundsson.

gegn

Gesti Pálssyni.

Dómur:

Með dómi, kveðnum upp á bæjarþingi Reykjavík-  
ur kaupstaðar 21. maí þ. á., í máli milli ljósmynda-  
smíðs Sigfúsar Eymundssonar og Gestis Pálssonar, út  
af grein er staðið hafði í 2. tölublaði 3. árg. blaðs-